



D Ó M U R

31. október 2011

Mál nr. S-249/2011:

Ákærandi: Ákærvaldið

(Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir, aðstoðarsaksóknari)

Ákærði: A

(Torfi R. Sigurðsson hdl.)

Dómari: Ragnheiður Thorlacius héraðsdómari,

Hjörtur O. Aðalsteinsson dómstjóri.

Sigurður G. Gíslason héraðsdómari

Árið 2011, mánudaginn 31. október, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er í dómsal embættisins að Austurvegi 4 á Selfossi, af Ragnheiði Thorlacius héraðsdómara, Hirti O. Aðalsteinssyni dómstjóra og Sigurði G. Gíslasyni héraðsdómara, í málinu nr. S-249/2011:

Ákærvaldið

(Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir,
aðstoðarsaksóknari) gegn

A

(Torfi Ragnar Sigurðsson hdl.)

kveðinn upp svohljóðandi

dómur:

Mál þetta, sem þingfest var þann 1. júlí 2011, var tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð þann 6. október sl., er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 15. júní 2011., á hendur ákærða, A „fyrir eftirtalin brot framin sunnudaginn 30. maí 2010:

1. Áfengis- og barnaverndarlagabrot, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins á veitingastaðnum a, og að g, B, veitt X, þá 14 ára, og Y, þá 16 ára, áfengi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 18. gr., sbr. 27. gr. áfengislaga nr. 75/1998, og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

2. Kynferðisbrot, með því að hafa árla morguns að b, ítrekað lagst upp í rúm við hlið X, þar sem hún lá ásamt Y, og strokið handleggi hennar, maga utan klæða og brjóst innan klæða og tvisvar kysst hana tungukossi.

3. Kynferðisbrot, með því að hafa síðla morguns að c, lagst upp í rúm við hlið X, þar sem hún lá í nærbuxum einum fata, og strokið maga hennar, brjóst og læri, ítrekað litið undir sæng hennar á líkama hennar og ítrekað reynt að kyssa hana.

Teljast brot samkvæmt 2. og 3. ákærulið varða við 2. mgr. 202. gr. og brot samkvæmt 3. ákærulið auk þess við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Í ákæru er tekin upp einkaréttarkrafa B, f.h. ólögráða dóttur hans X, en krafan er svohljóðandi:

„*Einkaréttarkröfur:*

Af hálfu B, f.h. ólögráða dóttur hans X, er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða henni bætur að fjárhæð kr. 1.000.000,- með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá tjónsdegi til 10. mars 2011 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags.“

Ákæruvaldið gerir þær kröfur sem í ákæru greinir.

Af hálfu bótakrefjanda eru gerðar sömu kröfur og í bótakröfu greinir.

Ákærði krefst sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu en til vara að hann verði eingöngu dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa, verði hann sakfelldur. Krafist er frávísunar bótakröfu. Verði ekki fallist á þá kröfu er krafist sýknu af bótakröfunni. Komi til sakfellingar er þess krafist að dæmdar skaðabætur verði lækkaðar verulega. Þá krefst verjandi ákærða málsvarnarlauna úr ríkissjóði sér til handa.

Málsatvik

Þann 26. júlí 2010 kærði B ákærða í máli þessu fyrir kynferðisbrot gegn X, dóttur kæranda. Í skýrslutöku af B þann sama dag kemur fram að kvöldinu áður hafi brotþoli greint honum frá því að heimilisvinur, ákærði í máli þessu, hafi leitað á hana nótt eina um páskana 2010. Einnig kom fram að brotþoli hafi greint móður sinni og fósturforeldrum frá atvikinu.

Í skýrslutöku af brotþola fyrir dómi, sem fram fór í Barnahúsi 28. júlí 2010, kom fram að brotþoli hafi þekkt ákærða í nokkur ár og litið á hann eins og föður, en ákærði sé besti vinur móður hennar og hafi alltaf verið til staðar ef hún eða móðir hennar þurftu hjálp eða stuðning. Brotþoli kvað ákærða vera kunnugt um aldur hennar, það viti allir vinir móður hennar að hún sé 14 ára.

Brotþoli kvaðst hafa verið að skemmta sér með ákærða, vini ákærða, vinkonu sinni og vini á kosninganóttinni 2010. Þau hafi öll, að undanskildum vini hennar, farið inn á veitingastaðinn a og þar hafi ákærði og vinur hans keypt áfengi fyrir hana og vinkonu hennar, þ.e. svokallað skot. Þá hafi hún einnig drukkið tvo bjóra og fundið til áfengisáhrifa. Ákærði hafi drukkið heila viskýflösku auk bjóra. Undir morgun kvaðst brotþoli hafa farið að sofa í gestaherbergi á heimili vinar ákærða á b. Hún hafi legið í miðju rúminu á milli Y vinkonu sinnar og ákærða. Þá hafi ákærði verið mjög drukkinn. Þegar vinkona hennar hafi farið fram til að fá sér að borða hafi ákærði farið að strjúka henni á óþægilegan hátt á handleggjum, maga og brjóstum, bæði innan og utan klæða, en hún hafi verið í síðum hlýraból og nærbuxum. Nánar aðspurð sagði brotþoli að ákærði hafi strokið henni innan klæða um brjóstin, en utan klæða á magann. Þá hafi ákærði kysst hana tungukossi á munninn en þegar hann kyssti hana í annað skiptið hafi hún farið fram að fá sér sígarettu. Brotþoli sagðist hafa orðið hrædd.

Um morguninn hafi hún farið ásamt ákærða og vinkonu sinni með leigubifreið heim til sín á c en vinkona hennar hafi farið heim til sín. Þegar heim kom hafi móðir hennar og kærasti hennar verið þar ásamt syni kærastans. Brotþoli kvaðst strax hafa farið niður í herbergi systur sinnar, sem þá bjó ekki á c, og ætlað að fara að sofa en ákærði hafi elt hana niður og sagt að hann ætlaði að sofa þar. Þá hafi hún sagt að hún ætlaði að fá sér sígarettu og farið upp aftur og inn í sitt herbergi á efri hæðinni og lagst til svefns í nærbuxum einum fata. Þá hafi ákærði komið inn í herbergið, lagst við hliðina á henni fullklæddur þar sem hún lá undir sæng og farið að strjúka líkama hennar og strokið óþægilega um maga hennar og brjóst og einnig komið smá við læri hennar. Þá lýsti brotþoli því að ákærði hafi alltaf verið að líta undir sængina og lyft höfði hennar upp eins og hann vildi kyssa hana á munninn en hún alltaf fært höfuðið frá. Þetta hafi staðið yfir alla vega í klukkustund en hún síðan sagt að hún ætlaði fram að fá sér sígarettu. Fram kom að brotþola hafi liðið illa meðan á þessu stóð. Hún hafi verið ringluð og aldrei trúað að svona lagað myndi gerast og þá hafi hún verið hrædd um að særa móður sína. Þá kom fram hjá brotþola að ákærði hafi gefið henni peysu sumarið eftir þennan atburð.

Á tímabilinu 25. ágúst til 7. október 2010 tók lögregla skýrslu af ákærða og vitnum. Greinargerð Ólafar Ástu Farestveit, uppeldis- og afbrotufræðings í Barnahúsi er dagsett 7. desember 2010. Einkaréttarkrafa, dagsett 10. febrúar sl., var birt ákærða þann 22. júní 2011 þegar ákæra ríkissaksóknara var birt.

Í greinargerð Ólafar Ástu Farestveit, uppeldis- og afbrotafræðings í Barnahúsi, kemur fram að barnavernd d hafi þann 29. júlí 2010 óskað eftir greiningu og meðferð fyrir brotþola í framhaldi af skýrslutöku í Barnahúsi deginum áður þar sem stúlkan hafi m.a. greint frá því að vinur móður hennar, ákærði í máli þessu, hafi áreitt hana kynferðislega á kosninganóttina 2010. Brotþoli hafi komið í sjö viðtöl á tímabilinu 31. ágúst til 3. desember 2010. Upplýsinga um líðan stúlkunnar hafi verið aflað í ofangreindum viðtölum, viðtölum við starfsmann barnaverndar, föður og fósturforeldra stúlkunnar. Þá hafi meðferðarkerfi, áfallamiðuð hugræn atferlismeðferð, verið notuð en kerfið byggi á fræðslu, hugsanaleiðréttingum, atferlismótandi hugsunum, vinnu með tilfinningar, líðan og framtíðarsýn. Í greinargerðinni kemur fram að brotþoli hafi búið við gríðarlega vanlíðan alla barnæsku og gerð er grein fyrir heimilisaðstæðum stúlkunnar. Fram kemur að togstreita hafi einkennt viðhorf brotþola til ákærða þar sem hún hafi getað leitað til hans þegar henni leið illa og fram kemur að hún hafi litið á hann sem ákveðna föðurímynd og því treyst honum. Í niðurstöðu mats á líðan brotþola kemur fram að þunglyndi hennar mælist alvarlegt, kvíði á mörkum mjög alvarlegs kvíða og streitu hafi mælst í meðallagi. Þá er greint frá niðurstöðu sjálfsmatslista um líðan og hegðunarþætti. Í niðurstöðu og áliti Ólafar Ástu Farestveit kemur m.a. fram. „X nýtir sér viðtölin vel og sér undirrituð örliðlar breytingar til bættrar líðunar hjá henni eftir því sem tíminn líður. Hins vegar er sú togstreita sem stúlkan glímir við að valda henni mikilli vanlíðan eins og títt er um börn og unglínga sem sætt hafa kynferðislegu áreiti/ofbeldi af hendi einhvers sem þau hafa myndað traust til. Svikin eru því mikil við stúlkuna sem hún tekur mjög nærri sér. Mjög erfitt getur verið að vinna á slíkri vanlíðan þar sem X fer beint yfir í hugsanir sem hún þekkir svo vel að vilja bara láta sem ekkert sé því hún eigi hvort eð er ekkert betra skilið.“ Þá kemur fram í lok greinargerðar að meðferðarvinna með brotþola muni taka langan tíma.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Ákærði, A, gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins. Í framburði ákærða kom fram að umrætt kvöld hafi hann farið með vini sínum, brotþola og vitninu Y og frænda sínum, sem hafi verið bílstjóri, upp í sveit og meðal annars stoppað á veitingastaðnum a þar sem þeir félagar hafi drukkið eitt glas, en brotþoli og Y hafi verið fyrir utan með bílstjóranum. Hann hafi hvorki keypt áfengi handa brotþola né vitninu Y á barnum.

Þegar á b kom hafi þau, ákærði, vinur hans, brotþoli og vitnið Y, farið heim til vinar ákærða að g, en bílstjórinn hafi farið eftir að hafa keyrt þau þangað. Þegar þangað kom hafi þau spjallað saman. Ákærði kvað ölvunarástand sitt hafi verið nokkuð gott, hann hafi verið með allt á hreinu, en hann hafi drukkið 5-6 glös af blöndu af wiský eða koníaki. Ákærði kvaðst muna vel eftir atvikum um kvöldið og nóttina en ekki eins vel þegar leið á sunnudaginn eftir að hann kom á heimili brotþola á c. Aðspurður kvaðst ákærði hvorki hafa orðið var við að brotþoli né Y hafi verið að drekka eftir að á b kom og ákærði neitaði því alfarið að hafa gefið eða otað að þeim áfengi.

Ákærða minnti að hann hafi farið að sofa í sófa í stofunni milli klukkan 04 og 05 um nóttina en vinur hans hafi sofnað á undan honum. Brotapoli og Y hafi hins vegar sofið í barnaherberginu. Ákærði kvaðst hafa farið tvisvar inn í herbergið til þeirra til að þagga niður í þeim því þær hafi verið með læti. Hann hafi verið pabbalegur, þóst vera grimmur og hafa sagt þeim að fara að sofa annars myndi hann taka herbergið og þær yrðu að sofa í stofunni. Nánar aðspurður kvaðst ákærði hafa sest á rúmið og hallað sér aftur í rúmið með fætur niðri og legið þar örskamma stund, í mesta lagi eina mínútu, sagt nokkur orð og síðan staðið upp. Þá hafi báðar stelpurnar verið í rúminu en ekkert hafi gerst.

Fyrir hádegi á sunnudeginum hafi hann, brotapoli og vitnið Y farið með leigubifreið að heimili brotapola á c. Hann kvaðst hafa sagt „hér er barnið þitt“ við móður brotapola en síðan setið inn í stofu og spjallað við hana. Ákærði kvaðst hafa drukkið aðeins eftir að þangað kom og síðan dottið útaf og sofnað í stofunni. Aðspurður sagði ákærði að brotapoli hafi farið inn í herbergi að sofa. Þangað hafi hann hins vegar ekki farið fyrr en þegar hann kvaddi brotapola þegar hann fór heim seinni part dagsins, annað hafi hann ekki gert.

Ákærði sagði framburð brotapola í Barnahúsi og vitnisins Y hjá lögreglu um umrædd atvik rangan, hann myndi hundrað prósent eftir atvikum og tók fram að hann hefði aldrei farið innan klæða á brotapola og neitaði að hafa kysst hana tungukossi. Brotapola hafi hann í mesta lagi kysst á kinnina hingað til. Ákærði kvaðst ekki geta ímyndað sér af hverju brotapoli væri að bera á hann sakir í þessu máli en alltaf hafi verið gott þeirra í milli. Þau hafi verið mjög góðir vinir frá því hún flutti á c tíu til ellefu ára gömul. Ákærði vildi ekki tjá sig um þann framburð vitnisins Y fyrir lögreglu að ákærði hafi lagst upp í rúmið, haldið utan um brotapola og að vitnið hafi séð hönd ákærða hreyfast undir sænginni.

Brotapoli, X, kom fyrir dóm við aðalmeðferð málsins og gaf skýrslu. Aðspurð um tengsl hennar og ákærða kom fram hjá brotapola að ákærði hafi verið besti vinur mómmu hennar og gamall félagi pabba hennar og að hún hafi þekkt ákærða frá því 2004 eða 2005. Umrætt kvöld hafi hún verið ásamt ákærða, vini ákærða og Y vinkonu sinni í bíltúr á bifreið sem vinur brotapola hafi ekið. Þau, að undanskildum bílstjóranum, hafi m.a. farið inn á veitingastaðinn a og þar hafi ákærði keypt svokallað skot handa henni og vinkonu hennar. Þegar á b kom hafi þau farið heim til vinar ákærða að g. Brotapoli kvaðst ekki hafa átt áfengi en hún og vinkona hennar hafi gengið í það vín sem þar var, en vitnið mundi ekki hver hafi boðið þeim upp á það. Brotapoli kvaðst hafa verið ölvuð fyrri hluta kvöldsins en ekki verið drukkin þegar þau komu í b. Ákærði hafi verið frekar drukkin en tók fram að hann væri alltaf fullur og kvaðst hún hafa séð hann drukknari.

Fram kom hjá brotapola að hún, ákærði og vitnið Y hafi farið að sofa í gestaherberginu milli klukkan sjö og níu um morguninn. Þá hafi vinur ákærða verið farinn að sofa. Hún kvaðst hafa sofnað strax eftir að hún kom upp í rúm en alltaf verið að vakna við að ákærði var á ferðinni inn og út úr gestaherberginu en líklega hafi Y eitthvað sofnað. Brotapoli kvaðst hafa legið í fanginu á ákærða en tók fram að henni hafi ekkert fundist athugavert eða ljótt við það enda hafi henni þótt vænt um hann. Ákærði hafi byrjað að strjúka á henni handleggina þar sem hún var dottandi í rúminu. Eftir að Y vinkona hennar hafi farið fram að borða hafi ákærði haldið áfram að strjúka henni og þá hafi hann einnig kysst hana. Á þessum tíma

hafi hann strokið einu sinni rétt yfir brjóstin á henni innan klæða, haldið utan um hana og strokið henni um magann utan klæða sem og um handleggi og axlir en hún hafi verið í hvítum hlýraból og nærbuxum. Síðan hafi ákærði kysst hana tvisvar og um hafi verið að ræða tungukoss sem brotapolí sagði að hefði verið ógeðslegt. Nánar aðspurð kom fram hjá brotapolá að ákærði hafi ekki mikið komið við brjóstin á henni. Á þessum tíma hafi ákærði ekki getað sofið og farið nokkrum sinnum fram að fá sér bjór og sígarettu en alltaf komið aftur upp í rúm til hennar. Ákærði hafi á tímabili legið á milli hennar og Y en hann hafi einnig legið fyrir framan brotapolá og þegar Y var farin fram hafi hann legið fyrir ofan brotapolá í rúminu. Brotapolí kvaðst hafa verið ringluð meðan á þessu stóð. Þegar hann hafi strokið henni um brjóstin hafi hún ekki áttað sig á því sem var að gerast því henni hafi þótt mjög vænt um ákærða sem í raun hafi verið hluti af fjölskyldu hennar. Nánar aðspurð hvað hún ætti við með þessu sagði brotapolí að ákærði hafi verið hluti af lífi hennar undanfarin ár, verið henni góður vinur, hjálpað henni í gegnum allt og hún litið á hann sem hálfgerðan pabba enda hafi hann alltaf verið til staðar þegar hún hafi þurft á því að halda. Þegar hún hafi legið í fangi ákærða í rúminu í gestaherberginu hafi henni fundist þetta vera pabbalegt, eins og hún orðaði það, en það hafi breyst þegar ákærði fór að tala um tímann þegar þau voru saman í f fyrir tveimur árum og í framhaldi af því sagt við sig að hún hafi litið svo flott út í litla bikíníinu sínu og síðan strokið sér um brjóstin. Þetta hafi henni fundist mjög óþægilegt.

Um klukkan ellefu hafi þau, brotapolí, ákærði og Y farið með leigubifreið niður á c. Brotapolí kvaðst hafa farið heim til sín að c en Y farið heim til sín. Brotapolí kvaðst strax hafa farið inn í herbergi sitt, sem sé á efri hæð hússins, háttað sig og farið beint upp í rúm. Herbergi hennar sé beint á móti herbergi mömmu hennar og við hliðina á baðherberginu. Fram kom að ekki væri hægt að loka herberginu alveg vegna skemmda sem orðið hafi á dyrabúnaði eftir jarðskjálfta. Ákærði hafi komið á eftir henni og lagst upp í rúm við hliðina á henni, strokið henni á lærunum og handleggjum en þá hafi hún verið í nærbuxum einum fata. Brotapolí kvaðst ekki muna meira. Eftir að brotapolá hafði verið kynntur framburður hennar í Barnahúsi um að ákærði hafi strokið henni á maga og brjóstum sagðist brotapolí ekki muna hvort hann strauk henni um magann en hún muni eftir að hann hafi strokið henni um brjóstin, en það hafi ekki verið mikið. Fram kom að hann hafi oft strokið henni og líklega hafi þetta staðið yfir í hálf tíma. Brotapolí greindi frá því að ákærði hafi, þar sem hann lá í rúminu aðeins fyrir ofan brotapolá, alltaf verið að lyfta upp höfði hennar til reyna að kyssa hana en hún hafi þá fært höfuðið niður aftur. Aðspurð hvort ákærði hafði gert eitthvað annað svaraði brotapolí neitandi en þegar hún var spurð hvort hann hefði litið undir sængina kom fram hjá brotapolá að ákærði hafi ítrekað lyft sænginni upp og verið að skoða líkama hennar. Á meðan á þessu stóð kvaðst brotapolá hafa liðið mjög illa, verið flökurt, titrað og verið hrædd enda hafi þetta ekki verið sá maður sem hún þekkti. Móðir hennar hafi verið vakandi á þessum tíma og hún kvaðst hafa heyrt í þeim sem voru heima. Brotapolí kvaðst hafa sagt ákærða að hún ætlaði að fá sér sígarettu og farið inn í þvottahús á neðri hæðinni og verið hrædd um að hann myndi elta hana. Um fimmtán mínútum síðar hafi hún farið upp aftur og rætt við móður sína og þá sem voru heima. Sérstaklega aðspurð kvaðst brotapolí ekki hafa farið inn í herbergi systur sinnar á neðri hæðinni. Þegar hún kom upp hafi ákærði verið að spjalla við móður hennar. Eftir það hafi hann lagt sig í smá tíma í herbergi systur brotapolá á neðri hæðinni áður en hann fór heim. Fram kom hjá brotapolá að þegar ákærði var að fara hafi hann sagt við hana frammi í forstofunni „sorry ég hleypti þér inn á alltof stórt leyndarmál“.

Brotapoli kvaðst ekki vita hvað ákærði hafi átt við og ekki vilja vita það. Eftir þennan atburð kvaðst brotapoli aðeins einu sinni hafa hitt ákærða. Það hafi verið fyrir viku síðan heima hjá fyrrverandi fósturföður sínum en ákærði og hann séu vinir. Fram kom hjá brotþola að hún hafi fyrst sagt bestu vinkonu sinni, C, frá þessum atvikum og líklega hafi það verið helgina eftir umrædda atburði. Þá hafi hún einnig sagt fósturmóður sinni frá atvikinu. Aðspurð um líðan sagði brotþoli að sér liði vel, nú búi hún hjá föður sínum og viðtöl við sálfræðing hafi gengið vel og hjálpað henni mikið.

Vitnið Y, vinkona brotþola, gaf skýrslu fyrir dómi. Vitnið kvaðst hafa þekkt brotþola frá þrettán ára aldri og ákærða hafi hún kynnst á heimili brotþola. Ákærði og vinur hans hafi farið inn á veitingastaðinn a og vinur ákærða hafi keypt handa sér skot en ákærði gefið brotþola bjór. Síðar í yfirheyrslu kom fram hjá vitninu að hún og brotþoli hafi farið inn á veitingastaðinn en verið fljótlega vísað út. Nánar lýsti hún því þannig að hún og brotþoli hafi farið inn og tekið sitt hvort skotið á barnum sem ákærði og vinur hans hafi keypt handa þeim. Stuttu síðar hafi þeim verið vísað út. Fram kom hjá vitninu að sá sem ók bifreiðinni í umrætt sinn hafi ekki farið inn á veitingastaðinn. Síðan hafi þau ekið á b og haldið áfram að drekka á heimili vinar ákærða. Hún og brotþoli hafi ekki átt áfengi umrætt kvöld en ákærði hafi verið með bjór og vinur hans með koníak og gefið þeim áfengi. Vitnið sagðist hafa átt erfitt með að standa í fæturna vegna áfengisáhrifa. Ákærði hafi verið blindfullur eins og alltaf.

Þegar liðið var á nóttu hafi hún og brotþoli farið inn í gestaherbergi og lagst upp í rúmið. Fimm til tíu mínútum síðar hafi ákærði komið inn í herbergið og troðið sér á milli þeirra í rúminu. Vitnið kvaðst hafa snúið sér frá ákærða því það hafi verið svo vond lykt af honum. Ákærði hafi síðan ítrekað farið inn og út úr herberginu. Þegar hún hafi legið þarna, eiginlega áfengisdauð, kvaðst hún hafa tekið eftir að ákærði hafi haldið um brotþola, sem þá hafi verið í langermabol, og hafi ákærði nánast verið kominn inn á brotþola. Vitnið kvaðst hafa snúið sér frá ákærða og brotþola enda alveg að drepast og lítið getað gert, rétt náð að opna augun og ekki getað talað. Svona hafi þetta gengið, ákærði verið á ferðinni inn og út úr herberginu. Þegar ákærði hafi reynt að fara innan klæða á brotþola að neðan hafi brotþoli gefið frá sér hljóð og sagt „A, A“ og við það hafi ákærði staðið upp og farið fram. Loks hafi ákærði farið inn í sófa þar sem hann hafi sofnað áfengisdauða. Nánar aðspurð um atvik í gestaherberginu sagði vitnið að ákærði hafi legið í miðju rúminu og haldið utan um brotþola eins og þegar maður kúrir. Síðan hafi hún tekið eftir að ákærði hafi verið að gera eitthvað sem hann ætti ekki að vera að gera. Þegar vitnið greindi frá þessu tók hún fram að hún væri ímyndunarveik og hafi verið nær áfengisdauð. Brotþoli hafi ýtt ákærða frá sér þegar hann hafi tekið um handleggi hennar. Þegar ákærði kom til baka hafi hann verið búinn að hneppa frá skyrtnni og þá hafi hann sett hönd brotþola á brjóstakassa sinn. Vitnið ítrekaði að ákærði hafi verið undir sæng ásamt brotþola og þá hafi hann reynt að fara inn á brotþola að neðan, en brotþoli, sem hafi verið drukkin, hafi sagt „Æ A ekki gera þetta, æ A mig langar að fara að sofa“. Vitnið tók þó fram að þar sem þau hafi bæði verið undir sæng hafi hún ekki séð hvað um var að vera en brotþoli hafi alltaf verið að æpa á ákærða þegar hann var undir sænginni með henni. Hann hafi komið aftur og aftur inn í herbergið og brotþoli alltaf æpt á hann þegar hann reyndi að gera eitthvað. Aðspurð sagðist vitnið hafa séð ákærða strjúka brjóstin á brotþola sem hafi þá verið í síðerma bol úr þunnu efni og líklega í „leggings“ eða gallabuxum. Þegar þær fóru að sofa hafi brotþoli líklega verið í hlýrabol og þannig hafi

brotapoli verið klædd þegar ákærði kom inn í herbergið síðar. Sér hafi ekki liðið vel því þarna hafi hún séð ákærða í öðru ljósi en hún hafi litið á hann sem stóra frænda sinn þegar hún var heimagangur á heimili brotþola. Aðspurð hvort hún hafi farið fram að fá sér að borða sagði vitnið að hún hafi farið fram í stuttan tíma að fá sér að borða þegar brotþoli lá í rúminu í gestaherberginu. Síðan hafi hún aftur farið inn í gestaherbergið. Vitnið sagði að ákærði hafi alltaf lagst upp í rúmið á milli þeirra. Líklega hafi brotþoli á einhverju tímamarki sofnað því vitnið kvaðst hafa heyrt hana hrjóta.

Vitnið kvaðst halda að þau hafi farið frá b með leigubifreið á c um níuleytið um morguninn og hafi hún kvatt brotþola fyrir utan heimili brotþola á c. Sama dag eða daginn eftir hafi brotþoli sagt sér að ákærði hafi farið inn á brjóst hennar, reynt að koma við hana að neðan og sett hendur hennar á bera bringu hans. Aðspurð um líðan brotþola eftir þetta sagði vitnið það vera auðséð að brotþola hafi liðið hræðilega illa. Aðspurð um það sem fram kom í yfirheyrslu hjá lögreglu þar sem haft er eftir vitninu að brotþoli hafi aðeins verið í nærbuxunum, sagði vitnið að hún myndi þetta ekki vel en það geti vel verið að þannig hafi hún verið klædd eftir að þær háttuðu sig.

Vitnið C, góð vinkona brotþola, gaf skýrslu fyrir dómi. Vitnið kvaðst þekkja ákærða enda hafi hann verið mjög mikið á heimili brotþola. Vitnið greindi frá því að brotþoli hafi sagt sér frá umræddri nótt líklega helgina á eftir þegar vitnið kom á c en á þeim tíma hafi hún búið í e. Brotþoli hafi sagt sér að hún hafi farið á rúntinn með ákærða, vini hans og Y vinkonu sinni og verið að drekka. Þegar hún og vinkona hennar hafi ætlað að fara að sofa hafi ákærði alltaf verið að rápa inn í herbergi þar sem þær voru. Ákærði hafi farið undir sængina og káfað á henni. Vitnið sagði að þegar brotþoli sagði henni frá þessu hafi hún átt mjög erfitt með að segja frá atvikum, verið grátandi og varla náð andanum og skolfið af hræðslu, en ekki lýst atvikum nánar. Aðspurð um líðan brotþola sagði vitnið að nú gangi allt vel hjá henni en hún viti að brotþola líði mjög illa vegna þessa máls því hún hafi þekkt ákærða mög vel. Vitnið var spurt um framburð þess hjá lögreglu þess efnis að brotþoli hafi sagt vitninu að ákærði hafi eitthvað verið að strjúka henni og eitthvað að káfa á henni, sagði vitnið að hún hefði rætt um atburðinn við brotþola síðar enda hafi brotþoli átt mjög erfitt með að segja sér frá þessu hina umræddu helgi.

Vitnið B, faðir brotþola, gaf skýrslu fyrir dómi. Vitnið kvaðst þekkja ákærða frá fornu fari en samskipti þeirra hafi verið lítil síðustu fimmtán árin nema þá í tengslum við heimili móður brotþola. Vitnið kvað brotþola hafa sagt sér frá atburði þeim sem mál þetta fjallar um degi áður en hann gaf skýrslu hjá lögreglu. Brotþoli hafi þá verið í fóstri og hringt í vitnið grátandi seint um kvöld og beðið hann um að koma og tala við sig. Hún hafi ekki lýst atvikum í smáatriðum að öðru leyti en því að hún hafi sagt honum að ákærði hefði leitað mjög ákveðið á hana og að hún hefði verið mjög hrædd. Vitnið kvaðst hafa orðið svo reiður þegar hún sagði honum þetta að hann treysti sér ekki til að rifja atvik upp nánar. Vitnið kvað brotþola hafa búið hjá sér síðan í ágúst sl. Henni líði betur í dag, hún sé í betra jafnvægi og meiri ró yfir henni. Fram undir þetta hafi hún ekki viljað ræða umrædd atvik en hún sé aðeins að opna á það núna.

Vitnið D, fyrrverandi fósturmóðir brotþola, greindi frá því fyrir dómi að þremur til fjórum dögum eftir að brotþoli flutti til vitnisins í júnílok eða byrjun júlí 2010 hafi

hún greint frá atvikum þessa máls. Brotapoli hafi brotnað niður og greint frá því að hafa lent í heimilisvini, ákærða í máli þessu, sem hún hafi alltaf treyst. Hann hafi strokið henni, káfað á henni og farið með tunguna ofan í kok á henni. Þegar vitnið spurði hana af hverju hún hafi ekki veitt mótspyrnu hafi brotapoli sagt vitninu að hún hafi frosið, orðið stíf og reynt að koma sér út úr þessum aðstæðum með því að afsaka sig með því að hún þyrfti að fá sér sígarettu. Vitnið sagði að atburðurinn hafi verið mikið áfall fyrir brotapola því hún hafi treyst ákærða algjörlega og hann hafi vitað um aðstæður hennar. Brotapoli hafi einnig greint frá því að eftir að hún var komin heim til sín hafi ákærði aftur leitað á hana þegar hún lagðist til svefnis. Þá hafi hann káfað á henni og tekið af henni sængina og horft á hana en hún hafi komist undan og falið sig inni í búri. Nánar aðspurð sagði vitnið að brotapoli hafi greint sér frá því að ákærði hafi farið með hönd undir föt brotapola, strokið henni allri og lagst ofan á hana. Vitnið lýsti mikilli vanlíðan hjá brotapola sem hafi oft þurft að ræða við vitnið seint á kvöldin og þá grátið mikið. Fyrsti skóladagurinn hafi verið brotapola mjög erfiður, hún hafi kastað upp og þau þurft að sækja hana. Vitnið kvaðst hafa upplifað aðstæður brotapola á þann veg að allir sem að henni stóðu og áttu að vaka yfir velferð hennar hafi brugðist.

Vitnið *E*, móðir brotapola, kom fyrir dóm og gaf skýrslu. Vitnið kvað ákærða hafa verið fjölskylduvin og kvaðst hún hafa þekkt hann í mörg ár. Hann hafi orðið mikill fjölskylduvinur meðan vitnið bjó með fyrrverandi kærasta sínum og hafi hann farið með þeim í ferðalög, bæði innanlands og utan. Umrætt sumar og umræddan dag kvaðst vitnið aldrei þessu vant ekki hafa neytt áfengis. Hún hafi gefið brotapola leyfi til að fara með vini sínum sem hafi verið bílstjóri fyrir ákærða umrætt kvöld. Fljótlega eftir miðnætti hafi hún byrjað að hringja og leita að brotapola og þá hafi komið í ljós að bílstjórinn var farinn til e en brotapoli og Yvinkona hennar verið með ákærða. Hún kvaðst hafa óskað eftir að brotapoli kæmi heim í leigubíl og verið að hringja alla nóttina. Þegar brotapoli hafi komið loks heim, milli klukkan sex og sjö, með ákærða, sem hafi verið ofurölvi, kvaðst vitnið hafa reiðst og skipað brotapola strax í rúmið og hún hafi strax farið inn í sitt svefnherbergi á efri hæðinni. Hálf tíma eða klukkutíma síðar hafi hún rokið niður og kvaðst vitnið hafa haldið að það hafi hún gert af því vitnið skammaði hana. Fram kom að á neðri hæð hússins séu tvö herbergi, þvottahús og baðherbergi. Vitnið kvaðst hafa verið vakandi meðan brotapoli var í sínu svefnherbergi og þegar hún var inni í eldhúsi hafi hún séð ákærða fara inn í svefnherbergi til brotapola. Aðspurð hvort það sé vanalegt að ákærði fari inn í svefnherbergi brotapola sagði vitnið það ekki vera en sér hafi fundist þetta vera stuttur tími. Nánar aðspurð sagðist vitnið halda að ákærði hafi verið inni í herberginu í tíu mínútur en tók fram að atvik séu í svolítilli móðu fyrir sér. Vitnið kvaðst ekki vita hvað gerðist þar inni annað en það sem brotapoli hafi síðar sagt henni. Vitnið kvaðst hafa verið algjörlega grunlaus því þetta hafi verið heimilisvinur þeirra. Eftir að brotapoli fór niður kvaðst vitnið hafa farið að sofa. Þegar hún vaknaði hafi ákærði verið inn í stofu sofandi. Vitnið kvað brotapola hafa sagt sér frá þessu þegar hún var flutt til fósturfjölskyldu sinnar. Brotapoli hafi sagt sér að ákærði hafi káfað á sér umrædda nótt og grátið. Vitnið kvaðst hafa frosið og síðar hafi komið í ljós að brotapoli hafi reiðst henni vegna þessara viðbragða. Aðspurð um líðan brotapola sagðist vitnið telja að líðan hennar hafi ekki verið góð.

Vitnið *Ólöf Ásta Farestveit*, uppeldis- og afbrotafræðingur í Barnahúsi, staðfesti vottorð sitt fyrir dómi. Fram kom að brotapoli hafi komið í sextán viðtöl til vitnisins. Síðasta viðtal hafi verið 23. september sl. og vitnið kvaðst reikna með allt að tuttugu og fimm viðtölum. Vitnið lýsti meðferðinni sem hafi beinst að því að

brotapoli gæti tekist á við líðan og daglegt líf. Brotapoli sé bæði að takast á við þann atburð sem mál þetta fjallar um sem og erfiða barnæsku. Vitnið greindi frá því að brotapolí hafi grátið mikið í viðtölum, sem staðið hafi allt upp í einn og hálfan klukkutíma, yfir lífi sínu almennt. Upplifun brotapola af hinu ætlaða broti snúi fyrst og fremst að því að um hafi verið að ræða trúnaðarbrot. Hún hafi upplifað ákærða sem ákveðna föðurímynd og þótt mjög vænt um hann. Ákærði hafi stutt hana vel í gegnum árin í erfiðum aðstæðum og því hafi hún upplifað það sem gerðist sem gríðarlegt brot gegn sér og að ákærði hafi brugðist sér. Önnur viðbrögð hennar séu hefðbundin viðbrögð þolenda kynferðisofbrota, s.s. sektarkennd og skömm. Þá eigi hún í mikilli togstreitu. Vitnið greindi frá því að brotapolí hugsaði um mál þetta á hverjum degi og það hafi komið fram í viðtali í byrjun september. Líðan brotapola sé nú að batna og kvaðst vitnið vera bjartsýn á framhaldið. Aðspurð um hvort hægt sé að greina á milli áhrifa ætlaðs brots annars vegar og hins vegar annarra kynferðisbrota gegn brotapolá sem og erfiðra uppeldisskilyrða sagði vitnið að ekki sé hægt að greina á milli af hverju kvíði og streita og þunglyndi sem hún greinist með, stafi. Áhrif hins ætlaða brots ákærða á líðan brotapola og tilfinningar sé hins vegar hægt að greina þegar hún lýsir atvikum og ræði um þau í meðferðarviðtölunum.

Niðurstæða

Fyrsti töluliður ákæru

Ákærða er gefið að sök áfengis- og barnaverndarlagabrot með því að hafa veitt brotapolá, sem þá var 14 ára, og vitninu Y, sem þá var 16 ára, áfengi aðfaranótt sunnudagsins 30. maí 2010 annars vegar á veitingastaðnum a og hins vegar að g á b.

Ákærði neitar sök og bar fyrir dómi að hann hafi ekki keypt áfengi fyrir stúlkurnar á veitingastaðnum og að þær hafi beðið fyrir utan veitingastaðinn ástamt bílstjóranum meðan hann og vinur hans fóru inn og drukku eitt glas. Um áfengisneyslu að b kvaðst ákærði hvorki hafa orðið var við að brotapolí né Y hafi neytt áfengis og neitaði því alfarið að hafa gefið eða otað að þeim áfengi.

Í skýrslutöku í Barnahúsi greindi brotapolí frá því að ákærði og vinur hans hafi keypt áfengi, svokallað skot, handa sér og vitninu Y inni á veitingastaðnum b. Brotapolí bar á sama veg fyrir dómi við aðalmeðferð málsins. Aðspurð fyrir dómi um áfengisneyslu að b kvaðst brotapolí ekki hafa átt áfengi umrædda nótt og því hafi þær vinkonurnar gengið í það vín sem þar var, en brotapolí mundi ekki hver hafi boðið þeim upp á það.

Í framburði vitnisins Y hjá lögreglu um ætlaðar áfengisveitingar ákærða umrædda nótt sagði vitnið orðrétt. „Og svo þarna þeir voru bara að reyna að hella okkur fullar, bara að láta okkur fá bjór eða eitthvað dót og voru líka að reyna að splæsa á okkur á barnum... „, Fyrir dómi greindi vitnið í fyrstu frá því að ákærði og vinur hans hafi farið inn á veitingastaðinn a og vinur ákærða hafi keypt handa sér skot en ákærði gefið brotapolá bjór. Síðar í yfirheyrslu kom fram hjá vitninu að hún og brotapolí hafi farið inn á veitingastaðinn og drukkið sitt hvort skotið á barnum sem ákærði og vinur hans hafi keypt handa þeim. Stuttu síðar hafi þeim verið vísað út.

Aðspurð um áfengisneyslu að g kom fram hjá vitninu að hvorki hún né brotaþoli hafi átt áfengi umrætt kvöld en ákærði, sem hafi verið með bjór, og vinur hans, sem hafi verið með koníak, hafi gefið þeim áfengi.

Brotaþoli og vitnið Y hafa greint frá því að hafa ekki átt áfengi umrædda nótt en að hafa verið undir áhrifum áfengis. Með vísan til þess, framburðar brotaþola og vitnisins Y um að ákærði hafi keypt svokallað skot handa þeim á veitingastaðnum a, þykir ekki óvarlegt að telja sannað, gegn neitun ákærða, að ákærði hafi veitt stúlkunum áfengi á veitingastaðnum a eins og lýst er í ákæru. Hins vegar þykir ekki eins og framburði stúlkanna er háttað fram komin fullnægjandi sönnun þess að ákærði hafi veitt brotaþola og vitninu Y áfengi að g. Með því að veita stúlkunum áfengi á veitingastaðnum a braut ákærði gegn 1. mgr. 18. gr. áfengislaga nr. 75/1998, sbr. 27. gr. sömu laga. Vegna heimfærslu til 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 í ákæru vísaði sækjandi til þess að ákærði hafi sýnt stúlkunum yfirgang og ósiðlegt athæfi með tilliti til aðstæðna þegar hann veitti stúlkunum áfengi umrædda nótt. Að mati dómsins þykir verknaður ákærða ekki varða við áðurnefnt ákvæði barnaverndarlaga eins og ákvæðið hefur verið túlkað í dómafrankvæmd og verður ákærði því ekki jafnframt sakfelldur fyrir brot gegn 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga eins og krafist er í ákæru.

Annar töluliður ákæru

Ákærða er gefið að sök kynferðisbrot, með því að hafa árla morguns sunnudaginn 30. maí 2010, ítrekað lagst upp í rúm við hlið brotaþola, X, þar sem hún lá ásamt Y, og strokið handleggi brotaþola, maga utan klæða og brjóst innan klæða og tvisvar kysst hana tungukossi.

Ákærði bar fyrir dómi að hafa farið tvisvar inn í herbergið þar sem brotaþoli og vitnið Y sváfu. Stúlkurnar hafi verið með læti og hann farið inn til að þagga niður í þeim og þóst vera grimmur. Ákærði kvaðst hafa verið pabbalegur, sagt þeim að fara að sofa annars myndi hann taka herbergið og þær yrðu að sofa í stofunni. Hann hafi sest á rúmið og hallað sér aftur í rúmið með fætur niðri og legið þannig örskamma stund, í mesta lagi eina mínútu, sagt nokkur orð og síðan staðið upp. Þegar þetta átti sér stað hafi báðar stelpurnar verið í rúminu en ekkert hafi gerst.

Í skýrslutöku fyrir dómi í Barnahúsi greindi brotaþoli frá því að hún hafi undir morgun farið að sofa í gestaherbergi að g og legið í miðju rúminu á milli Y vinkonu sinnar og ákærða sem hafi verið mjög drukkinn. Þegar vinkona hennar hafi farið fram til að fá sér að borða hafi ákærði farið að strjúka henni á óþægilegan hátt á handleggjum, maga og brjóstum, bæði innan og utan klæða, en hún hafi verið í síðum hlýraból og nærbuxum. Nánar aðspurð sagði brotaþoli að ákærði hafi strokið henni innan klæða um brjóstin, en utan klæða á magann. Þá hafi ákærði kysst hana tungukossi á munninn en þegar hann kyssti hana í annað skiptið hafi hún farið fram að fá sér sígarettu. Brotaþoli sagðist hafa orðið hrædd.

Við aðalmeðferð málsins lýsti brotaþoli atvikum í b þannig að þegar hún og vitnið Y hafi farið að sofa undir morgun í gestaherberginu hafi vinur ákærða verið farinn að sofa. Ákærði hafi hins vegar alltaf verið á ferðinni inn og út úr gestaherberginu. Á tímabili hafi hann legið á milli hennar og Y í rúminu en hann hafi einnig legið

fyrir framan brotþola og þegar Y fór fram til að fá sér að borða hafi hann legið fyrir ofan brotþola. Brotþoli lýsti því hvernig hún hafi legið í fanginu á ákærða. Fyrst hafi henni fundist þetta pabbalegt, hvorki athugavert né ljótt enda hafi henni þótt vænt um ákærða. Ákærði hafi síðan byrjað að strjúka henni um handleggina þar sem hún var dottandi í rúminu en eftir að Y vinkona hennar fór fram hafi ákærði haldið áfram að strjúka henni og þá hafi hann einnig kysst hana. Hann hafi strokið einu sinni rétt yfir brjóstin innan klæða, haldið utan um hana og strokið henni um magann utan klæða sem og um handleggi og axlir. Þá hafi hún verið í hvítum hlýraból og nærbuxum. Brotþoli kvað ákærða hafa kysst sig tvisvar og um hafi verið að ræða tungukossa sem henni hafi fundist ógeðslegir. Á þessum tíma hafi ákærði ekki getað sofið og farið nokkrum sinnum fram að fá sér bjór og sígarettu en alltaf komið aftur upp í rúm til hennar. Brotþoli kvaðst hafa verið ringluð meðan á þessu stóð. Þegar hann hafi strokið henni um brjóstin hafi hún ekki áttað sig á því sem var að gerast því henni hafi þótt mjög vænt um ákærða sem í raun hafi verið hluti af fjölskyldu hennar og hún litið á hann sem hálfgerðan pabba enda hafi hann alltaf verið til staðar þegar hún hafi þurft á því að halda. Brotþoli greindi frá því að breyting hafi orðið á líðan sinni þegar ákærði hafi farið að tala um það þegar þau voru saman í f fyrir tveimur árum og í framhaldi af því sagt við sig að hún hafi litið svo flott út í litla bikiníinu sínu og síðan strokið henni um brjóstin. Þetta hafi henni fundist mjög óþægilegt.

Vitnið Y greindi frá því fyrir dómi að þegar liðið var á nóttu hafi hún og brotþoli farið inn í gestaherbergi í g og lagst upp í rúmið. Fimm til tíu mínútum síðar hafi ákærði komið inn í herbergið og troðið sér á milli þeirra í rúminu og haldið utan um brotþola eins og þegar maður kúrir. Vitnið kvaðst hafa snúið sér frá ákærða því það hafi verið svo vond lykt af honum. Ákærði hafi síðan ítrekað farið inn og út úr herberginu. Þegar hún hafi legið þarna, eiginlega áfengisdauð, kvaðst hún hafa tekið eftir að ákærði hafi haldið um brotþola, sem þá hafi verið í langermabol, og hafi ákærði nánast verið kominn inn á brotþola, en vitnið tók fram að hún væri ímyndunarveik. Hún hafi litið getað gert, rétt náð að opna augun og ekki getað talað. Svona hafi þetta gengið, ákærði verið á ferðinni inn og út úr herberginu. Þegar ákærði, sem hafi verið undir sæng hjá brotþola, hafi reynt að fara innan klæða á brotþola að neðan hafi brotþoli gefið frá sér hljóð og sagt „A, A og æ, A ekki gera þetta, æ A mig langar að fara að sofa“. Við það hafi ákærði staðið upp og farið fram. Vitnið staðfesti fyrir dómi að hafa yfirgefið herbergið og farið fram að fá sér að borða.

Fyrir liggur að ákærði kynntist brotþola þegar hún flutti á c tíu eða ellefu ára gömul. Einnig er upplýst í málinu að ákærði, sem var góður vinur móður brotþola, hafi oft dvalið á heimili brotþola og ferðast með fjölskyldunni innanlands og utan. Þá hefur brotþoli lýst því hvernig ákærði hafi í gegnum árin stutt bæði hana og móður hennar og fram er komið að brotþoli hafi litið á ákærða eins og föður. Ágreiningslaust er í máli þessu að ákærða var kunnugt um aldur brotþola.

Brotþoli greindi í öllum meginatriðum frá atvikum sem varða annan töluðið ákæru með sama hætti fyrir dómi við aðalmeðferð málsins og í yfirheyrslu í Barnahúsi eins og rakið hefur verið. Brotþoli lýsti því hvernig hún í upphafi hafi legið í fangi ákærða í trausti langrar vináttu og þeirrar föðurímyndar sem hann var henni. Hún lýsti hvernig sú tilfinning hafi breyst þegar ákærði fór að ræða við hana um útlit hennar í bikiní nokkrum árum áður í sólarlandaferð og þegar hann, í framhaldi af því, hafi strokið henni um brjóstin. Af framburði vitnisins Y um það hvernig ákærði

hafi reynt að fara innan klæða á brotþola verður þó ekki byggt enda kvaðst vitnið hafa verið nær áfengisdauð, snúið baki í ákærða og vera ímyndunarveik. Hins vegar þykir ekki óvarlegt að byggja á framburði vitnisins um að ákærði hafi farið upp í rúm til þeirra og legið undir sæng við hlið brotþola.

Dómurinn horfði á myndbandsupptöku af skýrslutöku af brotþola í Barnahúsi en skýrslan var tekin þann 28. júlí 2010, tveimur dögum eftir að faðir brotþola kærði málið til lögreglu og um tveimur mánuðum eftir hinn ætlaða atburð. Brotþoli greindi af einlægni frá því hvornig hún taldi sig örugga með ákærða sem hún bar mikið traust til. Framburður brotþola var ýkjulaus og yfirvegaður en sjá mátti að brotþola var sérstalega þungbært að greina frá háttsemi ákærða gagnvart henni og er framburður hennar trúverðugur að mati dómsins. Þá styður framburður vitnisins Ólafar Ástu Farestveit um mikla vanlíðan brotþola og tilfinningalega togstreitu sem brotþoli glímdi við í kjölfar atburðarins eindregið framburð brotþola. Það gerir einnig framburður vitnanna C, vinkonu brotþola, og D, fyrrverandi fósturmóður brotþola, sem báru fyrir dómi um slæma líðan brotþola þegar brotþoli greindi þeim frá atvikum málsins, C viku eftir umræddan atburð þegar vitnið kom á c, og D í lok júní eða byrjun júlí 2010. Að mati dómsins er ekkert fram komið í málinu sem rýrt geti trúverðuleika framburðar brotþola.

Ákærði lýsti ástandi sínu umrædda nótt þannig að hann myndi hundrað prósent eftir atvikum. Á þeim framburði ákærða verður ekki byggt enda lýsa brotþoli og vitnið Y ástandi ákærða á annan veg. Brotþoli kvað ákærða hafa verið frekar fullan og vitnið Y sagði ákærða hafa verið blindfullan. Fær framburður þeirra stoð í framburði vitnisins E sem kvað ákærða hafa verið ofurölvi þegar hann kom á heimili brotþola á c um morguninn. Að mati dómsins er framburður ákærða, um margt tortryggilegur og skýringar hans á ferðum hans inn í gestaherbergið til stúlkanna ekki trúverðugar.

Þegar allt framangreint er virt þykir, gegn neitun ákærða, fram komin sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, að ákærði hafi haft í frammi kynferðislega áreitni gagnvart brotþola eins og nánar er lýst í öðrum tölulið ákæru og með þeirri háttsemi brotið gegn 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þriðji töluliður

Í þriðja tölulið ákæruskjals er ákærða gefið að sök kynferðis- og barnaverndarlagabrot síðla morguns þann sama dag á heimili brotþola að c þar sem brotþoli lá uppi í rúmi í nærbuxum einum fata, með því að hafa strokið maga hennar, brjóst og læri, ítrekað litið undir sæng hennar á líkama hennar og ítrekað reynt að kyssa hana.

Ákærði lýsti atvikum eftir að hann og brotþoli komu á heimili hennar á c þannig að hann hafi sest inn í stofu og spjallað við móður brotþola og síðan sofnað þar. Hann neitaði að hafa farið inn í herbergi brotþola fyrr en seinni part dagsins í þeim tilgangi að kveðja hana.

Í skýrslutöku í Barnahúsi lýsti brotþoli atburðarásinni eftir að hún kom heim til sín þannig að hún hafi strax hafa farið niður í herbergi systur sinnar þar sem hún ætlaði að sofa en þar sem ákærði hafi elt hana þangað hafi hún sagt honum að hún ætlaði

að fá sér sígarettu og farið upp aftur og þá lagst til svefns í nærbuxunum einum klæða í herbergi sínu á efri hæðinni. Þá hafi ákærði komið inn í herbergið, lagst við hliðina á henni fullklæddur þar sem hún lá undir sæng og farið að strjúka líkama hennar og strokið óþægilega um maga hennar og brjóst og einnig komið smá við læri hennar. Þá lýsti brotapolí því að ákærði hafi alltaf verið að líta undir sængina og lyft höfði hennar upp eins og hann vildi kyssa hana á munninn en hún alltaf fært höfuðið frá. Þetta hafi staðið yfir í um klukkustund þar til hún fór fram og fékk sér sígarettu. Brotapolí greindi frá því að henni hafi liðið illa meðan á þessu stóð, verið ringluð og ekki trúað að svona lagað gæti átt sér stað.

Í skýrslutöku við aðalmeðferð málsins lýsti brotapolí atvikum á c á þann veg að hún hafi strax farið inn í herbergi sitt á efri hæð hússins, háttað sig og farið beint upp í rúm. Í sjálfstæðri frásögn greindi brotapolí frá því að ákærði hafi komið á eftir henni og lagst upp í rúm við hliðina á henni, strokið henni ítrekað á lærunum og handleggjum en þá hafi hún verið í nærbuxum einum fata. Þá greindi brotapolí einnig frá því að ákærði hafi, þar sem hann lá í rúminu aðeins fyrir ofan brotápola, alltaf verið að lyfta upp höfði hennar til reyna að kyssa hana en hún hafi þá fært höfuðið niður aftur. Meira kvaðst brotapolí ekki muna. Sérstaklega aðspurð hvort ákærði hafi strokið henni um brjóst og ítrekað litið undir sæng hennar á líkama hennar, sagðist brotapolí muna eftir því en hins vegar ekki muna eftir að ákærði hafi strokið maga hennar. Brotapolí greindi frá því að meðan á þessu stóð hafi henni liðið mjög illa, verið flökurt, titrað og fundið til hræðslu enda hafi þetta ekki verið sá maður sem hún þekkti. Móðir hennar hafi verið vakandi á þessum tíma og hún kvaðst hafa heyrt í þeim sem voru heima. Brotapolí kvaðst hafa sagt ákærða að hún ætlaði að fá sér sígarettu og farið inn í þvottahús á neðri hæðinni og verið hrædd um að hann myndi elta hana. Þegar ákærði var að fara hafi hann sagt við hana, þar sem þau voru í forstofunni „sorry ég hleypti þér inn á alltof stórt leyndarmál“. Brotapolí kvaðst ekki vita hvað hann hafi átt við og ekki vilja vita það. Brotapolí greindi frá því að hafa sagt bestu vinkonu sinni, C, frá atburðunum, líklega helgina eftir, þegar hún vitnið kom í heimsókn á c, og einnig hafi hún sagt fósturmóður sinni frá þessu.

Ákærði og brotapolí eru ein til frásagnar um atvik þau sem lýst er í þriðja tölulið ákæru og ber mikið í milli í framburði þeirra. Ákærði neitar sök og neitaði að hafa farið inn í svefnherbergi brotápola fyrr en hann kvaddi hana síðari hluta dagsins. Brotapolí og vitnið E, móðir brotápola, greindu frá því fyrir dómi að brotapolí hafi strax farið inn í svefnherbergi sitt til að sofa þegar hún kom með ákærða, sem hafi verið ofurölvi, á c. Móðir brotápola bar fyrir dómi að hafa séð ákærða fara inn í svefnherbergi brotápola og taldi vitnið að ákærði hafi dvalið þar í um tíu mínútur, en meta verður þann framburð vitnisins með tilliti til tengsla hennar við brotápola. Brotapolí lýsti því bæði í skýrslutöku í Barnahúsi og fyrir dómi við aðalmeðferð málsins að ákærði hafi komið inn í svefnherbergi hennar á efri hæð hússins og lagst upp í rúm hjá henni. Á þeim tíma hafi móðir hennar verið vakandi og brotapolí heyrt í þeim sem voru heima. Með vísan til alls þessa þykir gegn neitun ákærða hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi farið inn í svefnherbergi brotápola stuttu eftir að þau komu á c.

Eins og áður er rakið greindi brotapolí við aðalmeðferð málsins frá atvikum þegar hún lá í rúmi sínu í meginatriðum með sama hætti og í skýrslutöku í Barnahúsi að því undanskildu að í sjálfstæðri frásögn við aðalmeðferð málsins gat hún þess ekki að ákærði hafi strokið maga hennar og brjóst og ítrekað litið undir sæng hennar á

líkama hennar, eins og hún gerði í yfirheyrslu í Barnahúsi. Brotapoli lýsti slæmri líðan meðan á þessu stóð sem og kveðjuorðum ákærða, „sorry ég hleypti þér inn á alltof stórt leyndarmál“, áður en hann fór heim síðar um daginn. Að mati dómsins rýrir það ekki trúverðugleika framburðar brotþola í heild þó hún hafi ekki lýst háttsemi ákærða gagnvart henni með nákvæmlega sama hætti í sjálfstæðri frásögn við aðalmeðferð málsins og hún gerði í skýrslutöku í Barnahúsi, þegar haft er í huga að þá voru tæpir sautján mánuðir liðnir frá umræddum atburði. Þá styður framburður vitnisins Ólafar Ástu Farestveit um mikla vanlíðan brotþola og tilfinningalega togstreitu sem brotþoli glími við í kjölfar atburðarins eindregið framburð brotþola. Það gerir einnig framburður vitnanna C, vinkonu brotþola, og E sem báru fyrir dómi um líðan brotþola þegar hún greindi þeim frá atvikum málsins, C viku eftir umræddan atburð og E í lok júní eða byrjun júlí 2010.

Þegar allt framangreint er virt þykir, gegn neitun ákærða, fram komin sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, að ákærði hafi haft í frammi kynferðislega áreitni gagnvart brotþola eins og nánar er lýst í þriðja tölulið ákæru. Með hliðsjón af þessu verður ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru og á háttsemin undir 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sem hér tæmir sök gagnvart 209. gr. almennra hegningarlaga og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2000.

Ákvörðun refsingar

Ákærði, sem er 47 ára gamall, var samkvæmt framlögðu sakavottorði dæmdur í sekt og sviptingu ökuréttar árið 2007 fyrir brot gegn 45. gr. a. umferðarlaga og árið 2008 fyrir brot gegn 45. gr. sömu laga auk þess að hafa ekið án þess að hafa ökuskrirteini meðferðis. Á árinu 2009 gekkst ákærði undir sekt vegna aksturs sviptur ökurétti. Við ákvörðun refsingar er til þess að líta að ákærði veitti brotþola, sem þá var ung að árum og tengd ákærða sterkum vinaböndum, áfengi áður en hann braut gegn henni við aðstæður þar sem hún var í reynd undir hans verndarvæng. Einnig er til þess að líta að ákærði sýndi einbeittan brotavilja þegar hann stuttu síðar braut aftur gegn brotþola inni á heimili hennar. Með brotum sínum brást ákærði gróflega trúnaðarskyldum sínum gagnvart brotþola og liggur fyrir að vanlíðan hennar er mikil vegna brota hans. Ákærði á sér engar málsbætur. Að öllu þessu virtu og með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tíu mánuði. Ekki eru efni til að binda refsingu ákærða skilorði að neinu leyti.

Einkaréttarkrafa

Í málinu liggur fyrir skaðabótakrafa brotþola, X, að fjárhæð 1.000.000 krónur ásamt kröfu um vexti samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 30. maí 2010 til 10. mars 2011, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst réttargæslumaður brotþola hæfilegrar þóknunar sér til handa úr ríkissjóði, sbr. 48. gr. laga nr. 88/2008 og sætti sú krafa ekki andmælum. Í kröfunni segir að ljóst sé að atferli ákærða hafi haft umtalsverð andleg áhrif á brotþola og raskað lífi hennar og högum verulega. Ákærði, sem sé rökum þrjátíu árum eldri en brotþoli, hafi beitt yfirburðum sínum vegna aldurs- og þroskamunar gagnvart brotþola sem hafi ekki sökum ungs aldurs burði til að

veita mótspyrnu. Þá hafi ákærði gróflega misnotað það traust sem brotþoli bar til hans sem náins vinar móður tjónþola og fjölskylduvinur til magra ára. Brotþoli hafi átt nokkuð erfitt uppdráttar félagslega undanfarin ár og hafi brot ákærða aukið verulega á vanlíðan brotþola og ekki sé hægt að útiloka að þau kunni að hafa varanlegar afleiðingar í för með sér fyrir hana í framtíðinni.

Í greinargerð Ólafar Ástu Farestveit, uppeldis- og afbrotafræðings, frá 7. desember 2010, kemur fram að sú togstreita sem brotþoli glími við vegna ákærða valdi henni mikilli vanlíðan sem og þau svik sem hún upplifi en hún hafi borið fullt traust til ákærða. Lífskraftur brotþola og lífsneisti hafi verið nánast enginn í fyrstu viðtölum og sorg, reiði og vonleysi hafi einkennt daglegt líf brotþola. Í vitnisburði Ólafar Ástu fyrir dómi kom fram að greina megi áhrif brots ákærða gegn henni á líðan hennar og tilfinningar þegar hún ræði um atvikin í viðtölum og hún sýni einkenni eins og skömm og sektarkennd eins og þolendur kynferðisbrota geri alla jafna.

Með vísan til þess sem að framan er rakið hefur ólögsmæt meingerð ákærða gegn persónu brotþola haft umtalsverð áhrif á hana að mati dómsins. Að því sögðu og þar sem ákærði hefur verið sakfelldur fyrir kynferðisbrot á brotþoli rétt á miskabótum úr hendi ákærða á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. lög nr. 37/1999. Þykja bætur X hæfilega ákveðnar 600.000 krónur. Vextir af kröfunni skulu reiknast samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 30. maí 2010 til 22. júlí 2011, en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 9. gr. sömu laga, frá 22. júlí 2011, en þann dag var liðin mánuður frá birtingu bótakröfunnar, til greiðsludags.

Sakarkostnaður

Með vísan til 1. mgr. 218. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Torfa Ragnars Sigurðssonar héraðsdómslögmanns, sem ákvarðast 439.250 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Ákærða ber einnig að greiða útlagðan sakarkostnað samkvæmt yfirliti sækjanda, 223.483 krónur. Þóknun réttargæslumanns, Gríms Hergeirssonar héraðsdómslögmanns, að teknu tilliti til vinnu á rannsóknarstigi, sem ákærða ber einnig að greiða, þykir hæfilega ákveðin 276.100 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti og ferðakostnaður 12.480 krónur. Um þóknun réttargæslumanns vísast til 48. gr., 216. gr. og 1. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir, aðstoðarsaksóknari, málið.

Ragnheiður Thorlacius, Hjörtur O. Aðalsteinsson og Sigurður G. Gíslason héraðsdómarar kváðu upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, A, sæti fangelsi í tíu mánuði.

Ákærði greiði X 600.000 krónur, ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 30. maí 2010 til 22. júlí 2011, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, sbr. 9. gr. sömu laga, frá 22. júlí 2011 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Torfa Ragnars Sigurðssonar héraðsdómslögmanns, 439.250 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, útlagðan sakarkostnað, 223.483 krónur, og þóknun réttargæslumanns brotþola, Gríms Hergeirssonar, héraðsdómslögmanns 276.100 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti og ferðakostnað 12.480 krónur.

Ragnheiður Thorlacius

Hjörtur O. Aðalsteinsson

Sigurður G. Gíslason